

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 4. gr. laga nr. 83 18. maí 1978 um jöfnunargjald, öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 233 21. júní 1978 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 13. október 1978.

Tómas Árnason.

Björn Hafsteinsson.

AUGLÝSING

um að jarðirnar Auðsholt I, III og IV í Biskupstungnahreppi skuli framvegis tilheyra Hrunamannahreppi.

Samkvæmt beiðni eigenda jarðanna Auðsholts I, III og IV í Biskupstungnahreppi, samþykki hreppsnefndar Biskupstungnahrepps og hreppsnefndar Hrunamannahrepps og meðmælum sýslunefndar Árnæssýslu, vill ráðuneytið samkvæmt heimild í 4. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961 tilkynna eftirfarandi:

Jarðirnar Auðsholt I, III og IV í Biskupstungnahreppi skulu hér eftir tilheyra Hrunamannahreppi og skulu hin nýju hreppamörk milli Biskupstungnahrepps og Hrunamannahrepps vera í samræmi við landskiptagerð Auðsholtsjarða frá 9. júlí 1957.

Félagsmálaráðuneytið, 29. september 1978.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

SAMÞYKKT

um sveitarstjóra í Nesjahreppi í Austur-Skaftafellssýslu.

1. gr.

Hreppsnefnd ræður sveitarstjóra eftir hverjar almennar hreppsnefndarkosningar, og er kjörtímabil hans hið sama og kjörtímabil hreppsnefndar.

2. gr.

Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins, að hann sé hreppsnefndarmaður.

3. gr.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem hreppsnefnd gerir hreppsmál yfirleitt. Hann sér um, að öll störf, sem nefndin á að annast, séu framkvæmd. Hann annast innheimtu á öllum tekjum hreppssjóðs og fyrirtækja hans, eftir því sem hreppsnefnd ákveður. Hann er féhirðir hreppsnefndar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga, annast alla bókun og bréfaviðskipti. Hann geymir bækur nefndarinnar, innistæðufé hreppsins, og öll önnur skjöl